

Fimmtudaginn 30. mars 1995.
Nr. 78/1993.

Ottó Jónsson
Örn Jónsson og
Einar Ólafsson

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

gegn

Ágústi Guðmundssyni

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Skuldabréf. Fyrning. Endurgjaldskrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. febrúar 1993 og krefjast sýknu af kröfum stefnda svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær kröfur, að héraðsdómur verði staðfestur og áfrýjendum dæmt að greiða óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómur er staðfestur með skírskotun til forsendna hans.

Áfrýjendur greiði stefnda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greininir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Ottó Jónsson, Örn Jónsson og Einar Ólafsson, greiði stefnda, Ágústi Guðmundssyni, 90.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 2. febrúar 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum flutningi 22. janúar sl., er höfðað með stefnu, birtri 10., 13. og 23. júní sl.

Stefnandi er Ágúst Guðmundsson, kt. 060743-7119, Kveldúlfsgötu 15, Borgarnesi.

Stefndu eru Ottó Jónsson, kt. 311236-4749, Gunnlaugsgötu 12, Borgarnesi, Örn Jónsson, kt. 120138-4999, Hraunbrún 15, Hafnarfirði, og Einar Ólafsson, kt. 020949-7549, Bröndukvísl 20, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði óskipt dæmdir til að greiða sér skuld, að fjárhæð 2.824.246 kr., með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. júní 1989 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ auk virðisaukaskatts, og beri málskostnaður dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefndu krefjast sýknu, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar. Þá krefjast þeir málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að með kaupsamningi, dagsettum 17. mars 1980, seldi Borgarás hf. stefndu byggingarkrana fyrir ellefu milljónir gamalkróna. Kaupverðið skyldi greiða annars vegar með skuldabréfi, að fjárhæð 3.800.000 gkr., og hins vegar með yfirtöku láns hjá Iðnlánasjóði, að fjárhæð 7.200.000 gkr. Undir samninginn skrifa allir stefndu og stefnandi fyrir hönd Borgarás hf.

Hið yfirtekna lán hjá Iðnlánasjóði var samkvæmt skuldabréfi, upphaflega að fjárhæð 8.000.000 gkr., út gefnu af Borgarási hf. 3. júlí 1979 og tryggðu með 4. veðrétti í Kveldúlfsgötu 15, Borgarnesi, sem er þinglesin eign stefnanda. Bréfið skyldi greitt á fimm árum, 15. janúar og 15. júlí ár hvert, í fyrsta sinn 15. janúar 1980. Það var verðtryggt með byggingarvísitölu og bar vexti skv. ákvörðunum Iðnlánasjóðs.

Stefnandi heldur því fram, að stefndu hafi ekki staðið við samninginn né greitt af láninu. Þar af leiðandi hafi fasteign sín verið til meðferðar í uppboðsrétti allt frá yfirtöku þeirra á láninu, þar til hann hafi greitt eftirstöðvar þess að fullu 20. júní 1989 til að forða eigninni frá nauðungaruppboði. Hafi hann greitt alls 2.824.246 kr., sem eru stefnu fjárhæð málsins.

Sýknukrafa stefndu er annars vegar reist á því, að þeir telja stefnanda ekki eiga aðild að málinu. Þeir hafi átt viðskipti við Borgarás hf. Ekkert réttarsamband sé á milli þeirra og stefnanda. Hins vegar telja þeir, að krafa stefnanda sé fyrnd. Samkvæmt ákvæðum bréfsins sé höfuðstóll þess fallinn í gjalddaga, verði dráttur á greiðslu í hálfan mánuð fram yfir gjalddaga. Fyrsti gjalddagi, sem lenti í vanskilum, hafi verið 15. janúar 1981, og hafi því öll skuldin verið gjaldkræf 1. febrúar s. á. Hvort sem miðað sé við fjögurra eða tíu ára fyrningarfrest, sé krafa stefnanda fyrnd. Verði hins vegar talið, að hver afborgun hafi sérstakan upphafsdag fyrningar, er bent á, að síðasta afborgun hafi fallið í gjalddaga 15. janúar 1984, og sé krafan því fyrnd, sbr. 1. og 4. tl. 3. gr. fyrningarlaga nr. 14/1905.

Varakrafa stefndu um lækkuð stefnukröfunnar er annars vegar á því reist, að ósannað sé, að allur sá kostnaður, er stefnandi krefur þá um, stafi af upphaflegu skuldinni, og hins vegar á því, að stefnandi eigi ekki kröfu til alls þess fjár, er hann hafi greitt Iðnlánasjóði, en vegna vanreifunar sé ekki unnt að rökstyðja það frekar.

Niðurstaða.

Það er óumdeilt í málinu, að með kaupsamningnum frá 17. mars 1980 hafi stefndu tekið að sér að greiða Iðnlánasjóði eftirstöðvar framangreinds láns. Þá hefur því ekki verið mótmælt, að stefndu greiddu ekki af láninu og að stefnandi hafi greitt eftirstöðvar þess ásamt vöxtum og kostnaði 20. júní 1989. Var stefnanda rétt að gera þetta til að forða húseign sinni frá nauðungaruppboði, en gögn málsins bera með sér, að hún hafi verið til meðferðar í uppboðsrétti árin 1981, 1986 og 1987. Af þessu leiðir, að stefnandi á aðild að málinu. Krafan samkvæmt skuldabréfinu var enn í gildi, er stefnandi gerði upp við Iðnlánasjóð. Við það eignaðist hann endurgjaldskröfu á hendur stefndu, sem með framangreindum kaupsamningi höfðu tekið að sér að greiða lánið. Fyrningarfrestur þeirrar kröfu hófst 20. júní 1989, og er hún því ófyrnd, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 14/1905.

Stefnandi hefur lagt fram gögn, sem sýna sundurliðun þeirrar fjárhæðar, er hann greiddi og er stefnufjárhæð málsins. Í þeim gögnum kemur fram, að hann hefur greitt upp lánið með 2.728.654 kr. og auk þess lögfræðikostnað, að fjárhæð 95.592 kr., sem nánar sundurliðast þannig, að 63.748 kr. eru innheimtukostnaður, 1.580 kr. eru fyrir mót og 30.264 kr. eru kostnaður fógeta. Varakrafa stefndu verður því ekki tekin til greina.

Samkvæmt framanrituðu verða kröfur stefnanda teknar til greina og stefndu dæmdir óskipt til að greiða honum 2.824.246 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 20. júní 1989 til greiðsludags, enda hefur vaxtakröfunni ekki verið mótmælt sérstaklega, og 300.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts og með dráttarvöxtum, eins og nánar greinir í dómsorði.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Ottó Jónsson, Örn Jónsson og Einar Ólafsson, greiði óskipt stefnanda, Ágústi Guðmundssyni, 2.824.246 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga frá 20. júní 1989 til greiðsludags og 300.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts. Skal málskostnaður bera dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsupp-sögu til greiðsludags.